

199

8. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu nr. 150
31. ágúst 1940.

Í e-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi allt að 44% í stað 20%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15
20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1943, og birtist til eftirbreytni öll-
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1942.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

200

15. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi nr. 39 26. apríl 1937.

1. gr.

Í 5. gr. reglugerðarinnar falli niður b-liður svo hljóðandi: Félögum og öðrum
ópersónulegum útsvarsgjaldendum.
c-liður sömu greinar verði b-liður og d-liður c-liður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 23. júní 1932, og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1942.

Magnús Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

201

17. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Björgólfs Stefáns-
sonar kaupmanns,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 17. desember 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Björgólfs Stefánssonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 25 ára afmæli skóverzlunar B. Stefánssonar, þann
1. október 1942, með 25000 kr. gjöf frá ekkju Björgólfs sál, Stefánssonar, frú
Oddnýju Stefánsson.